

Stjórn byggðasamlags UTU - 113. fundur
haldinn á Laugarvatni, miðvikudaginn 28. ágúst 2024
og hófst hann kl. 10:36

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Minnisblað frá Hrunamannahreppi

Lagt fram minnisblað sem unnið var fyrir Hrunamannahrepp vegna mögulegra breytinga á samþykktum UTU, minnisblaðið var unnið af GB Stjórnsýsluráðgjöf um skipulagsmál dags. 16. maí 2024. Í minnisblaðinu er m.a. ábending til umræðu um að breyta samþykktum UTU á þann veg að skipulagsnefndir geti verið starfræktar í hverju sveitarfélagi fyrir sig en ekki ein sameiginleg skipulagsnefnd aðildarsveitarfélaganna eins og núverandi samþykktir UTU gera ráð fyrir.

Minnisblaðið hefur verið lagt fram til kynningar og tekið til umræðu í aðildarsveitarfélögum UTU. Stjórnarmenn kynntu og fóru yfir umræður sinna sveitarstjórna um framkomnar ábendingar í minnisblaðinu og núverandi fyrirkomulag skipulagsnefndar.

Stjórn þakkar Hrunamannahreppi fyrir minnisblaðið og góðar ábendingar til umræðu en í ljósi umræðu og bókana sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna vegna minnisblaðsins þá telur meirihluti stjórnar ekki tilefni til að breyta fyrirkomulagi á uppsetningu skipulagsnefndar UTU.

Fulltrúi Hrunamannahrepps óskar eftir því við aðildarsveitarfélög UTU að samþykktum UTU verði breytt, þar sem heimilað yrði að aðildarsveitarfélög UTU gætu starfrækt sína eigin skipulagsnefnd ef þau kjósa svo, með vísan í bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 16. maí sl.

2. Samþykktir UTU

Á 111. fundi stjórnar bókaði stjórn að gera ráð fyrir að fara í heildarendurskoðun á samþykktum UTU eftir sumarfrí.

Stjórn leggur til að beðið verði með vinnu við samþykktarbreytingar þar til aðildarsveitarfélögin hafa tekið afstöðu til dagskrárliðs nr. 1 hér að ofan.

Samþykkt samhljóða.

3. Hverabraut 6

Mikil ánægja er með nýja skrifstofuhúsnæði UTU, fer vel um starfsfólk og starfsemina.

Von er á fyrsta leigjandanum 1. sept. í opna rýmið í húsnæðinu sem er ekki í notkun.

Stefnt er að halda opið hús í samstarfi við Bláskógabyggð þegar búið er að ganga frá lóðinni í kringum húsið.

Samþykkt samhljóða.

4. Seyruverkefnið

Búið var að hreinsa 929 rotþrær 1. ágúst en gert er ráð fyrir miða við núverandi fyrirkomulag að hreinsa tæpar 1600 þrær þetta árið að undanskildum aukahreinsunum sem við höfum verið að sinna.

Rekstur Seyrustaða vegna móttöku á seyru hefur verið frekar rólegur það sem af er tímabilinu en gerum ráð fyrir að það fari að aukast núna jafnt og þétt vegna móttöku á seyru. Starfsmenn UTU halda utan um móttökuna á seyru í samstarfi við Fögrusteina.

Skrifstofustjóri er að kanna möguleika á því að geta tekið við seyru allt árið í samstarfi við Heilbrigðiseftirlitið og aðra sem eiga hlut að máli.

1. júní kom sumarstarfsmaður á seyrubifreið UTU, þörf er að manna stöðuna til framtíðar. Skrifstofustjóra falið að auglýsa stöðuna.

*Stjórn felur skrifstofustjóra að ramma inn samkomulög vegna móttöku á seyru við þau sveitarfélög sem hafa óskað eftir því að koma með seyru að Seyrustöðum.
Samþykkt samhljóða.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:05

Helgi Kjartansson

Walter Fannar Kristjánsson

Björn Kristinn Pálmarsson

Jón Bjarnason

Haraldur Þór Jónsson

Ísleifur Jónasson

Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Aðalmaður
Helgi Kjartansson

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Varaformaður
Björn Kristinn Pálmarsson